**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 1/2000**

**frá 4. febrúar 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/1999 frá 26. nóvember 1999([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/23/EB frá 9. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/33/EBE varðandi varnarbúnað til að hindra óleyfilega notkun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/24/EB frá 9. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/32/EBE um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/25/EB frá 9. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/34/EBE varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/26/EB frá 20. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/94/EBE um flöt fyrir aftara skráningarmerki á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum([5]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. EB L 61, 1.3.2001, bls. 5 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 14.
([2]) Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 13.
([3]) Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 16.
([4]) Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 19.
([5]) Stjtíð. EB L 118, 6.5.1999, bls. 32.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

1. Eftirfarandi bætist við í lið 45l (tilskipun ráðsins 93/32/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0024:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/24/EB frá 9. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 16).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 45m (tilskipun ráðsins 93/33/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0023:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/23/EB frá 9. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 13).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 45n (tilskipun ráðsins 93/34/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0025:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/25/EB frá 9. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 19).“

4. Eftirfarandi bætist við í lið 45q (tilskipun ráðsins 93/94/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0026:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/26/EB frá 20. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 118, 6.5.1999, bls. 32).“

*2. gr.*

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 1999/23/EB, 1999/24/EB, 1999/25/EB og 1999/26/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 4. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik* *E. Gerner*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.